

Spurningar í kerfishagfræði

Sigurgeir Örn Jónsson

1. Lögmál Coase

Ein víðfræg kenning stofnanahagfræðinnar er nefnd lögmál Coase. Hvað segir það lögmál? Sumir Halda því fram að lögmál Coase sé rökfræðilega rangt og helber endaleysa. Þá er því haldið fram, að lögmál Coase sé fyrst og fremst misheppnuð vörn fyrir markaðshyggju. Fjallið um lögmál Coase og þá gagnrýni sem það lögmál hefur fengið.

Lögmál Coase er: Ef enginn færslukostnaður ríkir og eignarréttur er skilgreindur munu auðlindir ávallt verða nýttar á sem hagkvæmastan hátt óháð því hver upphafleg skipting auðlinda er á milli manna. Hagsýnir menn munu ávallt leysa vandamál ytri áhrifa með samningum og vandamál þjóðfélagskostnaðar er ekki til staðar. Auðlindaeigendur munu skiptast á réttindum af fúsum og frjálsum vilja þangað til heildarvirði auðlindana er hámarkað. Samkvæmt þessu geta markaðsbrestir ekki átt sér stað þegar enginn færslukostnaður til staðar og nýklassískir hagfræðingar því óhæfir til þess að fjalla um vandamál markaðsbresta.

Lögmál Coase hefur verið gagnrýnd með þeim rökum að einstaklingar sem semja séu ekki verðþegar og séu í þrúttleik (bargaining game) og því sé ekki sjálfgefið að útkoma viðskipta liggji ávallt á samningskúrvunni. Réttmæti þessarar gagnrýni veltur þó hvernig ”enginn færslukostnaður” er skilgreindur. Ef færslukostnaðarhugtakið er skilgreint þannig að það nái utanum allan kostnað sem hamlar viðskiptum, m.a. upplýsingakostnað og þrúttkostnað þá eru þrúttleikir ekki til, samningsaðilar vita lokastöðuna fyrirfram og gagnrýnin þannig óréttmæt.

Lögmálið hefur einnig verið gagnrýnt út frá því að auður samningsaðila breytist við viðskipti og ráðstöfun auðlinda breytist í kjölfarið. Hafa ber þó í huga að

Heimur án viðskiptakostnaðar hefur gjarnan verið kallaður heimur Coase. Þetta er þó ekki sanngjarnt þar sem megintilgangur skrifa Coase var einmitt að sýna að færslukostnaður skiptir máli og öll líkanagerð þar sem færslukostnaði er sleppt hefur ekkert að segja um markaðsbresti. Hann vakti athygli á því að þegar færslukostnaður er jákvæður rata auðlindir ekki sjálfkrafa í hagkvæmustu notkun og að skipting auðlinda myndi velta að miklu leyti á stofnanauppbyggingu þjóðfélagsins.

2. Vandamál almenninga

Þegar aðgangur að almenningsauðlind er takmarkaður og séreign komið á fylgir því jafnan nokkur kostnaður. Fjallið um ýmsar leiðir til að koma á séreign og jafnframt um kostnað og ábata af fjárfesting í séreignarrétti. Eru líkur á að rentusókn geti sukið eða minnkað ábata af séreignarmyndun?

Sameignum fylgir ákveðið vandamál: eigendur taka ekki tillit til þess kostnaðar sem þeir leggja á aðra með notkun sinni. Þegar margir eigendur sameignar nýta hana út frá eigin kostnaði og ábata en taka ekki tillit til ytri áhrifa verður sameignin ofnýtt. Hver eigandi hefur ennfremur engan hvata til þess að sýna aðhald í nýtingu eða leggja í fjárfestingar sem geta aukið virði sameignarinnar þar sem ábati slíkra uppátækja dreifist á marga aðila. Vandamál sameigna er hægt að leysa með því að koma séreignarrétti á. Þegar einstaklingur hefur séreignarrétt á auðlind lenda ytri áhrif nýtingar á honum sjálfum og því hefur hann hvata til að nýta auðlindina á sem hagkvæmasta hátt.

Þrátt fyrir þá hagkvæmni sem næst fram með því að skilgreina séreignarrétt, þá eru enn þann dag í dag til fjöldi sameigna sem eru ofnýttar. Eftirfarandi ástæður liggja að baki þessu:

- Kostnaður við framleiðslu einkaréttar er hærri en væntur ábati af því að leysa sameignarvandamálið. Kostnaður við framleiðslu eignarréttinda felst í kostnaði við úthlutun réttinda og kostnaði við framfylgd eignarréttindana (s.s. útilokun annarra frá nýtingu).
- Hópur eigenda er misleitur og hæfni manna til nýtingar á auðlind mismunandi. Þeir sem eru hvað hæfastir í nýtingu þegar eignin er í sameign geta náð rentu af auðlindinni og mótmæla setningu eignarréttinda út frá því að væntur ábati þeirra minnki
- Stjórnvöld setja kvaðir um sameignarréttindi, t.d. vegna markmiða um tekjuskiptingu

Hægt er að koma séreign á með ýmsu móti. Í fyrsta lagi geta stjórnvöld útteild séreignarréttindum á sameign til valdra einstaklinga. Í öðru lagi geta stjórnvöld haldið uppboð á séreignarréttindum og í þriðja lagi geta eigendur sameignar tekið sig saman og ákveðið í sameiningu að skipta sameign niður í skika þar sem séreignarréttur hvílir á hverjum skika. Það að stjórnvöld útteili séreignarréttindum kallar á nýtt vandamál: rentusókn. Aðilar sem sjá möguleika í því að sannfæra ríkið um að afhenda þeim eignarrétt af auðlind skipa ákveðnum framleiðsluþáttum í það að sannfæra stjórnvöld. Þessi kostnaður við sannfæringu er soun á fjármunum þar sem engin raunveruleg framleiðsla á sér stað. Þegar óvissa ríkir á markaði getur heildarkostnaður vegna rentusóknar orðið meiri en rentan sjálf af þeirri sameign sem verið er að skipta.

Þegar ríkið heldur uppboð á séreignarréttindum og skilar peningunum

beint í ríkiskassann en ekki beint til skattgreiðenda er möguleiki á því að þessir peningar verði ekki nýttir á sem hagkvæmasta hátt.

Þegar eigendur sameignar taka sjálfir upp á því að skipta henni niður í skika hafa þeir hvata til þess að hafa kostnað skiptingarinnar í lágmarki.

Niðurstaða: Að eyða óhagkvæmni sameiningar með því að einkavæða hefur bæði beinan (framleiðslukostnað) og óbeinan (rentusókn) kostnað í för með sér. Mikilvægt er að taka tillit til beggja kostnaðarliða þegar ákvarðanir eru teknar um einkavæðingu.

Samvinna einstaklinga

Samvinna einstaklinga skilar oft miklum ábata, enda er samvinna nauðsynleg til þess að menn geti notið ávinningsins af því að mynda hópa og samfélög. Hið almenna líkan rekstrarhagfræðinnar virðist hins vegar benda til þess að erfitt sé að koma á varanlegri samvinnu. Hefur stofnanahagfræði eitthvað til málanna að leggja hér? Fjallið um þennan vanda. Hagkvæmni séreignarréttar byggir á því að samvinna sé á milli manna að viðurkenna þennan rétt. Samvinna einstaklinga er gjarnan sett fram sem vandamál fangans. Vandamál fangans í sinni einföldustu mynd gefur til kynna að hagkvæmasta áætlun sé að stunda ekki samvinnu vegna þeirrar óvissu hvort mótherjinn geri áras eða leggi til samvinnu, þ.e. nash-jafnvægi leiksins. Þ.a. ef að val á milli samvinnu eða ósamvinnu ræðst í einum leik er niðurstaðan sú að einstaklingar veljir ósamvinnu

Ávörðunartaka einstaklinga einkennist þó ekki að einum fangaleik heldur óendanleg röð slíkra leikja (ef ábati afkomanda er tekinn með), en slík leikjaruna kallast ofurleikur. Nash-jafnvægi einfaldaða fangaleiksins þarf ekki að gilda í ofurleik. Ákvöðrun hvers einstaklings í tilteknum leik hefur ekki einungis áhrif á niðurstöðu vkomandi leiks heldur getur einnig haft áhrif á hegðun mótherja og þar með niðurstöður í næstu leikjum á eftir. Ef upphafsstaða ofurleiks er samvinna verður einstaklingur sem hyggst afla sér skyndiábata með því að taka ekki þátt í samstarfi að taka tillit til væntanlegra afleiðinga á næstu leiki og núvirða mögulegt tap á móti stundarhagnaði. Ef einn einstaklingur víkur frá samstarfi á hann það á hættu að læsast inni í ósamstarfi og verða af þeim ábata sem samstarf leysir úr læðingi. Ef framtíðin er ekki núvirt með háum vöxtum getur verið að væntur framtíðarávinningur tryggi það að samstarf sé leiðandi áætlun. Þetta er m.a. niðurstaða Axelrods en hann hélt keppni í ofurleik fangans og komst að því að sú áætlun sem náði hvað bestum árangri var Tit-For-Tat, en hún byggir á því að byrja í samstarfi en endur taka svo síðasta leik mótherjans.

- Einstaklingar sem kjósa samstarf geta beitt ýmsum ráðum til þess að viðhalda samstarfi innan hóps. Ýmis þjóðfélagsstæki hafa myndast meðal hópa til þess að taka á vanda fangans, s.s.

- Hugmyndafræði og hefðir
- Hótanir um hefnd - hefndarhópar. Ef að einstaklingar hóta hefndum ef samstarfi er slitið og njóta aðstoðar þriðja aðila við að fylgja þeim eftir getur kostnaður flóttu verið það mikill að leikjafræðiþrautin sé ekki lengur vandi fangans
- Bótaskylda - þeir sem kjósa ósamstarf geta valið um hvort þeir greiði bætur ea sæti hefndum
- Tenging hefndarhópa, t.d. með stofnun fjölskyldutengsla

Þessi greining sýnir þó ekki hvernig hið upphaflega val um samvinnu hefur komist á. Margar kenningar eru til um þetta. Hirshlefer notaið líkön um náttúruval til þess að líkanagera þróun stofnana sem hvetja til samstarfs. Hobbes og Thomas gerðu ráð fyrir tveimur leiðum: (a) allir koma saman og ákveða að búa til ákveðið stofnanaumhverfi sem ríkir yfir þeim eða (b) einhver einstaklingur eða hópur tekur sig til og beitir hina valdi til samstarfs. Vanberg setur fram að hegðunareglur hafi komist á með (a) náttúrulegu vali, (b) með ómeðvituðum venjubundnum lærdómi eða (c) með yfirlögðu og meðvituðu vali á reglu. Sú stofnanaumgjörð sem verður fyrir valinu verður að leiða af sér væna kosti fyrir hvern einstakling. Eftirfarandi atriði geta haft áhrif á það hvort einstaklingur samþykkir ákveðna stofnanaumgjörð eða ekki:

- Ákvörðunarkostnaður
- Mistakahætta
- Samhverft val

3. Þekkingavandi Hayek

Hayek telur aðeins eitt kerfi geta leyst vandamál skortsins með skynsamlegum hætti. Hvað er þekkingarvandamál? Hvernig leysir markaðurinn vandann? Hvaða stofnanir eru það sem Hayek telur nauðsynlegar til að leysa vandann? Hefur Hayek eitthvað fyrir sér í kenningu sinni.

Áætlunarbúskapur byggir á því að öllum upplýsingum um allt og alla sé safnað á einn stað og þar séu leyst háværkunarvandamál sem tryggja hagkvæmustu lausn og fyrirskipanir gefnar um efnahagsákvæðanir. Hayek gagnrýni þessa lausn og sagði að ekki væri með nokkru móti hægt að safna upplýsingum um allt og alla á einn stað.

Hayek sagði að þekking væri að miklu leyti hagnýt (þ.e. fólgin í kunnáttu) en ekki fræðileg (vegin, mæld eða metin). Fræðileg þekking er framseljanleg en hagnýt þekking er einstaklingsbundin og byggir á brjóstviti, óframfæranleg og bundin stað og tíma. Það er ekki nóg að mati Hayeks að safna upplýsingum um fræðilega þekkingu heldur verður einnig að standa skil á hagnýtri þekkingu hvers einstaklings hagkerfisins. Þetta er

ómögulegt að mati Hayek þar sem að hagnýt þekking er óframseljanleg.

Hagnýt þekking er ennfremur síbreytileg eftir tíma og jafnvel þótt hægt væri að safna öllum upplýsingum saman þá væru þær orðnar úreltar þegar taka ætti ákvarðanir út frá þeim.

Verð vöru flytur boð manna á milli um upplýsingar. Þessar upplýsingar gera mönnum kleift að nýta þekkingu hvers annars. Verðkerfið hvetur einstaklinga til þess að nýta þekkingu sína á sem hagkvæmastan hátt við framleiðslu á gæðum en slíkt fyrirkomulag tryggir að allar upplýsingar séu nýttar í skipulagi efnahagslífsins. Verð gefur okkur upplýsingar um hlutfallslegan skort, hvað eigi að framleiða og hvernig. Verðlag byggir á öllum upplýsingum sem snerta framleiðslu og neyslu og því er það optimal. Grunnforsendur eru séreign og samkeppni. Ef samkeppni er ekki til staðar hefur verð ekki upplýsingahlutverk. Ef séreign er ekki til staðar þá hafa einstaklingar ekki hvata til þess að nýta þekkingu sína á hagkvæmastan hátt vegna ytri áhrifa.

4. Ólíkar gerðir fyrirtækja

Í markaðshagkerfum er að finna ólíkar gerðir fyrirtækja, til dæmis bæði einingarfyrirtæki og hlutafélög. Af hverju eru fyrirtæki til á markaðnum. Hvernig geta ólík eignarform fyrirtækja þrífist á markaðnum. Hvers vegna leiðir samkeppni milli eignarforma ekki til þess að einungis ein tegund fyrirtækja nær að dafna?

Ef viðskiptakostnaður er enginn hafa fyrirtæki engan tilgang sagði Coase. Í viðskiptakostnaðarlausu hagkerfi gætu neytendur einfaldlega samið beint við aðfangaeigendur um framleiðslu og samsetningu á vöru og engin þörf væri fyrir innbyrðis samninga milli aðfangaeigenda. Grunnforsenda fyrirtækja er jákvæður viðskiptakostnaður. Einstaklingur hefur tvenna möguleika á því að afla sér gæða: (a) hann getur samið við fjölda aðþáttaeigenda um framleiðslu og sametningu gæða eða (b) samið við fulltrúa aðþáttaeigendakeðju um kaup á fullbúnri vöru. Það að gera samninga við fjölda aðþáttaeigenda getur falið í sér gífurlegan viðskiptakostnað. Neytandi þarf að (1) leita að upplýsingum um hvern aðþáttaeigenda, (2) semja við hvern aðþáttaeigenda um framleiðslu, magn gæði og verð og (3) fylgjast með því að hver aðþáttaeigandi standi við samninga. Samningur við einn aðila um framleiðslu á vörum felur oft í sér gífurlegan sparnað á viðskiptakostnaði og þannig er hlutverk fyrirtækja að lækka viðskiptakostnað á markaði. Coase benti á að fyrirtæki væru til komin vegna þess að markaðskerfið væri í sumum tilfellum mjög kostnaðarsamt.

Það að aðþáttaeigendur dragi sig saman í samtök felur ekki einungis í sér lækkun viðskiptakostnaðar heldur einnig nýjan kostnaðarlið: umboðskostnað. Umboðskostnaður er sá kostnaður sem felst í því að hafa aðhald með því að samstarf milli aðþáttaeigenda gangi sem skyldi. Um-

boðskostnaður er hvað hæstur þegar að kostnaðarsamt er að mæla framleiðni hvers aðþáttareigenda, en þá hefur hver hvata til þess að stunda vinnusvindl á kostnað hópsins. Umboðskostnaður kemur þannig í veg fyrir að fyrirtæki geti gleypst í sig allan markaðinn þar sem kostnaðurinn eykst eftir því sem fyrirtækið stækkar.

Fyrirtækjaform eru háð samkeppni. Þau fyrirtækjaform sem ná ekki að lágmörkun kostnaðar munu verða undir í samkeppni við önnur hagkvæmari fyrirtækjaform. Þó er ekki nauðsynlegt að lokastaðan verði sú að eitt fyrirtækjaform verði við lýði. Ástæður eru t.d. eftirfarandi

- Form fyrirtækis getur lifað af t.d. vegna sérstakra samskipta við ríki, s.s. lægri skattgreiðslna eða niðurgreiðslna
- Form fyrirtækis getur verið lögbundið
- Óhagræðing vegna fyrirtækjaforms getur verið vegin niður af rentu vegna t.d. einokunar og því verndað gegn samkeppni

Ef við gerum ráð fyrir því að öll fyrirtæki séu verðþegar og njóti engra fríðinda né kvaða frá ríkinu eru þó allar líkur á því að margs konar samningsform geti blifað í samkeppni. Mismunandi fyrirtækjaform henta mismunandi rekstri. Þau atriði sem hafa hve mest áhrif á val fyrirtækjaforms eru: viðskiptakostnaður, mælingarkostnaður, ósamhverfar upplýsingar, stærðarhagkvæmni, umboðsvandi t.d. vegna sérhæfðs mannauðs eða ótryggjanleg áhætta frumkvöðla.

Einkafyrirtæki hafa þann kost í för með sér að umboðskostnaður er enginn. Eigandi fyrirtækisins er jafnframt stjórnari og því munu ákvarðanir teknar ávallt vera eigandanum í hag. Gallar eru hinsvegar: Tímagreiðsluvandi og áhættuvandi.

Sameignarfyrirtæki geta leyst tímagreiðsluvandann að einhverju leiti og minnkað áhættuvandann. Þó eykst umboðskostnaður þegar eigendum fjölgar

Opið fyrirtæki

Hagkvæmni opins fyrirtækis liggur í skipulagi afgangskrafna. Viðskipti á afgangskröfum eru hömlulaus og því eru eigendur lausir við tímagreiðsluvandann og áhættuvandann. Stjórnendur fyrirtækisins sérhæfa sig í því að hámarka virði fyrirtækisins en eigendur sérhæfa sig í því að dreifa áhættu milli fyrirtækja og hámarka nytjar sínar. Umboðskostnaður er þó mikill í hlutafélögum þar sem að ósamhverfar upplýsingar um reksturinn eru á milli eigenda og stjórnenda

Ljóslega má sjá að öll þessi eignarform hafa bæði sína kosti og galla. Val á eignarformi fer eftir því hvers konar rekstur er um að ræða. Fyrir hvert rekstrarfyrirkomulag er ákveðið eignarform heppilegast.

5. Rentusókn

Almannavalsfræðingar hafa sett fram kenningar um starfsemi sérhagsmu-

nahópa og svokallaða rentusókn. Lýsið þessum kenningum um sérhagsmunahópa og rentusókn. Sýnið einnig hver tengslin eru á milli þessara tveggja kenninga. Hvaða hlutverk hafa sérhagsmunahópar samkvæmt kenningunum og hverjar geta afleiðingarnar verið af starfsemi þeirra?

Kenningar um sérhagsmunahópa byggjast á því að sameiginlegur hópur með sameiginleg markmið dragi sig saman í hóp til að knýja stofnanabreytingar frá stjórnvöldum í þeirra hag. Forsendur fyrir því að séreignahópur getið haldið saman eru að: markmið séu sameiginleg, upplýsingakostnaður vegna viðeigandi upplýsinga lágr, væntur ábati hvers einstakling af þáttöku hár og sterk samtaða, t.d. með því að hópurinn sé tiltölulega smár (þ.e. til þess að minnka laumufarðþegavandann).

Kenningin um rentusókn byggir á því að ef einstaklingar sjá möguleika á því að afla sér hagstæðari stofnana með því að sannfæra stjórnvöld um stofnanabreytingu leggi þeir í kostnað til þess að reyna að knýja þessari breytingu fram. Þessi kostnaður er í raun sóun á verðmætum þar sem að auðlindir eru ekki nýttar til framleiðslu. Skilgreining: Tilraunir einstaklinga að auka persónulegan hag og á sama tíma koma með neikvætt framlag til heildarauðs þjóðfélagsins. Sóun rentusóknar má skipta í tvennt: kostnaður vegna rentusóknar og aukið óhagræði ef ríkið gefur eftir og framkvæmir stofnanabreytingar sem auka kostnað ytri áhrifa og þar með minnka þjóðarauð.

Tengsl milli þessara kenninga byggjast á því að sérhagsmunahópar geta oft náð fram breytingum sem eru óhagkvæmar þjóðhagslega séð. Ástæður fyrir þessu má rekja til þess að: þeir sem tapa eru oft stór hópur fólks sem (1) á erfitt með að taka sig saman í sérhagsmunahóp vegna (1) mikils upplýsingakostnaðar, (2) lítillrar samstöðu (laumufarðþegavandamál) og (3) tiltölulega lítillra hagsmuna fyrir hvern og einn.

Kenningar um rentusókn byggja þó á því að stjórnámálamenn hámarki ekki einungis þjóðarhag heldur hafi einnig nokkurra persónulegra hagsmuna að gæta svo sem endurkjör. Sérhagsmunahópar eru oft meira áberandi en aðrir þegnar þjóðfélagsins og því meiri pressa á stjórnámálamenn að verða við kröfum þeirra.

6. Mismunandi líkön

Áður fyrir var algengt að nota ólík líkön um hegðun einstaklinga á mörkuðum og hegðun einstaklinga í stjórnámálum. markaður - hagsýni maður, stjórnámál - há. almannahags. Þessa skiptingu töldu Buchanan og Brennan óviðeigandi. Þeir rökstyðja að líkanið um hinn hagsýna mann sé það líkan sem viðeigandi er á báðum mörkuðum. Hver eru helstu rök þeirra Buchanans og Brennans.

Þeir telja eðlilegt að eitt og sama líkanið sé notað um hegðun manna. Ef nota á mismunandi líkön verður skiptingin að vera rökstödd.

Útilokað er að greina aðleiðingar stofnanabreytinga frá afleiðingum þess að skipt sé um líkan.

Ef mismunandi hegðun er á vörumarkaði og stjórnámálamarkaði hlýtur munurinn að felast í mismunandi stofnunum, ekki því að menn séu mismunandi.

Hegðunargreining gerir ráð fyrir því að menn velji á milli leiða að markmiðum. Einstaklingar hafa mismunandi hagsmuni og því er eðlilegt að áætla að einstaklingar hámarki hagsmuni. Eiginhagsmunir stjórnámalanna fara þó oft nærri hagsmunum almennings þar sem löngunin til endurkjörts hvetur þá afram

Líkanið um hagræna hegðun geriri m.a. ráð fyrir hinu versta í fari manna. Eðlilegt að nota slíkt líkan en önnur líkön til þess að skýra stjórnámálamarkaðinn

7. Skertur sammingsréttur

Ef sammingsréttur er skertur getur það leitt til sóunar á verðmætum. Gerið grein fyrir því hvernig skerðin á sammingsrétti skapar fyrst ójafnvægi og síðan nýtt jafnvægi sem er óhagkvæmt miðað við fyrra jafnvægi.

Skilgreinum heftun þannig: hún felur ekki í sér flutning á afrakstri milli aðila eða markaðsaðgerðir ríkissjóðs til þess að halda höftum.

Einkaeign er háð því að þrír þættir séu til staðar

Rétturinn til þess að nýta eign eða ráða notkun eignarinnar

Rétturinn til þess að hafa tekjur af eigninni

Rétturinn til þess að framselja eignina til hvaða aðila sem er

Tökum fyrir verðhöft.

Þegar stjórnvöld setja t.d. lágmarksverð á húsaleigu flyst hluti þeirra tekna sem eigendur hafa af húsum sínum í almenningsseign. Neytendur munu keppast við að ná til sín þessum tekjum og leggja jafnvel í kostnað til þess (rentusókn) kapphlaupið mun halda áfram þar til jaðarkostnaður þess að reyna að ná til sín þessum tekjum er jafn jaðarábata og því á sér stað sóun á arði. Þegar hömlur eru settar á verð munu auðlindaeigendur reyna að lágmarka sóun á arði eignarinnar: þeir munu gera það t.d. með því að (1) nýta auðlindir fyrir sjálfan sig í stað þess að selja á markaði, (2) grípa til "ólöglegra" hliðargreiðslna við sölu, (3) nýta eignina í annað en það sem verðhömlurnar kveða á um. Auðlindaeigendur munu halda áfram að breyta hegðun sinni þangað til arðssóunin hefur verið lágörkuð og nýtt jafnvægi kemst á. Þetta jafnvægi er þó augljóslega óhagkvæmara en fyrra jafnvægi þar sem fyrra jafnvægi var valið með því að beyta hagkvæmustu leið af öllum mögulegum en síðara jafnvægið er háörkun með takmarkandi hliðarskilyrði.